

Stærðfræðistígur í nærumhverfi þíns skóla.



Íslensk útgáfa MathCityMap (<https://mathcitymap.eu/en/>) er komin í loftið. Stilla má bæði vefviðmót kennara og smáforrit nemenda þannig að þau séu á íslensku.

Lesið má um reynslu kennaranema af að nota MathCityMap í þessu lokaverkefni: [Notkun stærðfræðistígs í kennslu stærðfræði í 10. bekk grunnskóla : greinargerð um stærðfræðiverkefni sem hönnuð voru fyrir útikennslu með aðstoð hugbúnaðarins MathCityMap](#)

Hér eru leiðbeiningar um gerð stærðfræðistígs: <https://mathcitymap.eu/en/tutorials-en/>

Líklega þarf að senda fyrirspurn til sveitarfélags varðandi að mega nota forritið í skólastarfi (líkt og með önnur forrit) en finna má upplýsingar tengdar persónuvernd hér: <https://mathcitymap.eu/en/data-protection/>

Vitað er að skólar í Þýskalandi, Frakklandi, Tékklandi, Slóvakíu, Austurríki, Hollandi, Eistlandi, Finnlandi, Svíþjóð og fleiri Evrópulöndum nota þetta einmitt af því kröfur um persónuvernd eru uppfylltar.

